



328. fundur Afrekssjóðs ÍSí 31. janúar 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ)

Fjarverandi: Guðrún Inga Sívertsen (GS), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSí (AS), Vésteinn Hafsteinsson afrekstjóri ÍSí (VH)

1. Úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf

AS kynnti minnisblað sem lagt var fyrir fund framkvæmdastjórnar þann 30. janúar. Komu þar fram skýringar á hví vinnuhópur byggður á starfshópi um breytingar á afreksstarfi hefði fengið verkefnið að halda áfram að vinna tillögur og forsendur fyrir úthlutun á hinu nýja afreksfé. Kom fram í máli AS að framkvæmdastjórn hafi ákveðið á fundinum að fela stjórn Afrekssjóðs að taka málið til umfjöllunar og koma með tillögu að úthlutun.

Þyrfti því stjórn Afrekssjóðs að kynna sér vel útreikninga og forsendur vinnuhópsins. Fyrir fundinn var stjórn sjóðsins lítillega búin að kynna sér forsendur og útreikningana.

Rætt var hvort betra væri að nota forsendur vinnuhópsins eða setja inn útreikningana þær forsendur sem Afrekssjóður vann með við úthlutun í desember.

Rætt var hvort rétt væri að vera með tvöfalt kerfi við úthlutun. Annars vegar frá Afrekssjóði og hinsvegar frá vinnuhópnum.

Einnig rætt að stundum komi gagnrýni á sjóðinn og úthlutanir sem byggja á vanþekkingu eða röngum upplýsingum sérsambanda. Væri því ennþá mikilvægara að hafa sterkar forsendur við úthlutun og að kynna vel.

Rætt var að á fyrri fundum hefði verið talað um að vera ekki að hitta sérsamböndin í miðju umsóknarferli. Myndi það mögulega tefja ferlið og setja í gang upplýsingaflæði sem byggði ekki á endanlegum ákvörðunum.

Svo var það einmitt gert í þetta skiptið þegar fulltrúar vinnuhópsins funduðu í tvígang með nokkrum sérsamböndum til að fá endurgjöf á vinnuna og forsendur hópsins. AS skýrði að mikið ákall hefði verið frá sérsamböndum eftir því að fá að koma að borðinu við mótnun forsenda og að auka samráð við þau sem þau hafa upplifað skort á. Þyrfti að vera jafnvægi á milli þess að hafa

samráð með sérsamböndum og veita þeim upplýsingar og þess að tefja ekki úthlutun en sérsamböndin kalla líka mjög sterkt eftir ákvörðun um úthlutun sem allra fyrst.

Ákveðið var að reyna að ná allri stjórn Afrekssjóðs saman aftur í dag kl. 17.00 og funda um málið og stefna á að ljúka því á mánudag.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.45